



# **Ungmennasamband Kjalarnesþings**

## **SKÝRSLA OG REIKNINGAR**



**59. ÁRSPING**

**AÐ FÓLKVANGI 5. FEBRÚAR 1983**

# ALUZINK OG STÁL

NÝTT klæðningarefni á bök  
og veggi frábrugðið öllu öðru



ALUZINK sameinar alla helstu kosti stáls, áls og zinks. Endingin er allt að 6 föld miðað við venjulegt galvaniserað járn og lengdir ákvæður þú sjálfur. Þetta eru miklir kostir sem minnka viðhaldið verulega.

ALUZINK fæst sem garðastál, bárustál og sléttar plötur.

Viljir þú vita meira, hafðu þá samband við söludeild okkar. Þar bíður þín litprentaður bæklingur um Garðastál og Aluzink.

**Garða**  
**HÉÐINN**  
SÖLUSÍMI 52922 STÓRÁSI 4-6 GARDABÆ  
Þar er framleiðslan, þar er þjónustan

Á R S S K Ý R S L A      U M S K      1982-1983

---

Efnisyfirlit:

	bls.
Ávarp formanns .....	3
58. árþing UMSK .....	5
60 ára afmælishóf .....	5
Stjórn og framkvæmdastjórn .....	5
Aðildarfélög UMSK .....	7
Skrifstofa UMSK .....	10
Skipun sérráða .....	10
Fréttabréfið .....	11
Félagsmálafræðlan .....	12
Kennsluskýrslur, kennslustyrkur .....	12
Nýtt félag .....	12
Umsókn um landsmót .....	13
Sumarhúsi í Prastarskógi .....	13
Keppnisbúningur .....	14
Verkefni heildarsamtakanna .....	14
Framlög sveitarfélaga .....	15
Ýmsar fjáraflanir .....	16
Getraunir .....	17
Landshappdrætti UMFÍ .....	17
Fundir og þing .....	19
Þróttamót .....	20
Lokaorð .....	21
60 ára afmælisrit UMSK .....	22
Skýrsla Frjálsíþróttaráðs .....	22
Skýrsla Handknattleiksráðs .....	25
Skýrsla Knattspyrnuráðs .....	26
Lög UMSK .....	28
Reikningar UMSK .....	31

Nú er á enda runnið 60 ára afmælisári UMSK sem að mörgu leytti hefur verið tímamótaár í sögu sambandsins, einkum vegna þess að starfsemi þess hefur ekki verið jafn mikil og fjölbreytt nú um nokkurt árabil. Það er gleðiefni hversu margir hafa tekið þátt í starfsemi sambandsins, en í eingöngu þeim íþróttamótum sem sambandið hefur haldið, hafa báttakendur verið yfir 2000. Þá er ótalin öll önnur starfsemi sambandsins svo sem trimmdayurinn, göngudagur fjölskyldunnar, hjóreiðarnar vegna verkefnisins "eflum íslenskt" svo og ýmis námskeið og fleira sem sagt er frá í skýrlsu bessari. Starfsemi sambandsins er að miklum hluta sjálfboðavinna en aðeins með mikilli sjálfboðavinnu fjölda félaga er mögulegt að halda úti sínum félagsskap sem okkar. Þessu fólkvi vil ég þakka vel unnin störf á liðnu starfsári.

Til hins daglega reksturs hefur sambandið haf starfsmenn og hefur heirra verkefni verið að skipuleggja og sjá um þær framkvæmdir sem verið hafa í gangi hverju sinni. UMSK hefur verið mjög heppið með starfsmenn sína en heir voru tveir á árinu 1982, heir Gunnar Baldvinsson og Helgi Gunnarsson. Eiga heir mikið og gott lof skilið fyrir störf sín hjá sambandinu. Þá vil ég þakka nefndarmönnum sérráða svo og öllum þeim sem á einhvern hátt hafa komið til liðs við okkur á starfsárinu, þökk sé þeim öllum.

Mikið starf hjá sambandinu hefur krafist mikils fjármagns, fjármagns sem ekki hefur legið á lausu en burft hefur að afla með ýmsum hætti. Fjáraflanir hafa gengið misjafnlega og hafa sumar verið nokkuð vafasamar. Fjároflunarverkefni eru þau verkefni sem erfiðast gengur að fá fólk til að starfa við enda vart réttlætanlegt að eyða bróðurparti starfseminnar í að næla í nokkrar krónur hér og nokkrar krónur þar. Það hlýtur því að vera þróunin að sveitarfélögin standi á bak við rekstur eigin héraðssbands svo sambandið geti óhindrað starfað að sínum málum.


Nokkur hluti rekstrarfjár sambandsins hefur komið frá sveitarfélögum og hafa sum þeirra styrkt starfsemina svo sem við höfum óskað. Hér með er komið á framfæri bestu þökkum fyrir þeirra stuðning. Það verður þó að segjast að tvö hinna stærri sveitarfélaga hafa látið sitt eftir liggja. Það er miður ekki síst vegna þess að öfugt starf héraðssbandsins og tengsl þess og hjónusta við félögin myndi styrkja félagsstarfið í þessum byggðalögum.

Þá er sýslunefnd Kjósarsýslu þakkað fyrir framlag úr sýslusjóði en það hefur verið sérstaklega rausnarlegt á undanförnum árum. Þó mikið hafi verið gert á síðasta starfsári sambandsins er margt sem liggur fyrir því næsta. Næstu sambandsstjórn bíða mörg verkefni fyrir utan að halda uppi sömu starfsemi og síðasta ár. Má þar nefna undirbúning 18. landsmótsins sem haldið verður í Keflavík og Njarðvík sumarið 1984. Einnig má nefna héraðsmót í sundi, skák, borðtennis og badminton auk allra þeirra móta sem haldin voru síðast liðið starfsárá.

Þá má ekki gleyma félagsmálafræðslunni sem gengið hefur hægt á undanförnum árum. Það er því margt sem liggur fyrir hjá sambandinu og er það ósk míð að það megi leysa allt þetta vel og dyggi lega af hendi á næsta starfsári.

Í lokin vil ég þakka öllum þeim sem starfað hafa með mér og þá ekki síst stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfað hafa prýðilega á starfsárin. Megi íþróttalandinn og ungmenafélagshugsjónin verða sem flestum okkar ljós í framtíðinni.

# Stjórn og formannafundur



A tímabilinu hafa verið haldnir 17 formlegir stjórnarfundir.  
Mætingar hafa verið sem hér segir:

Númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
dagsetn.	22/3	29/3	5/4	26/4	3/5	25/5	8/6	5/7	10/8	30/8	23/9	/10	10/11	26/11	28/12	11/1	25/1
Kristján	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Sveinn J.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Ólafur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Sveinn O.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Jóhannes	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Jón Ármann	x						x	x		x							
Gunnar	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Páll	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Til þess að auðvelda störf stjórnarins+ arinnar skipaði hún sérstaka framkvæmdastjórn og fólk henni að annast daglegan rekstur sambandsins. Í hana voru skipaðir Kristján Sveinbjörnsson, formaður, Sveinn Ottósson og framkvæmdastjóri. Framkvæmdastjórnin hélt alls 15 formlega fundi.

Auk funda stjórnar og framkvæmdastjórnar eru ótaldi allir þeir óformlegu fundir og samtöl um málefni UMSK sem fóru fram begar einstakir stjórnarmenn lögðu leið sína á skrifstofu sambandsins.

Varamenn voru boðaðir á alla stjórnarfundina. Gunnar Atlason hætti í varastjórn um mitt sumar er hann lagði land undir fót og flutti til USA. Ath. forföll stjórnarmanna eru ekki skýrð í þessari töflu.

## SKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1982-1983

### 58. ársþing UMSK.

58. ársþing UMSK var haldið 20. mars 1982 í Hlégarði, Mosfells-sveit. 70 manns, fulltrúar og gestir, sátu þingið sem var hið fjölmennasta frá upphafi. Gestir þingsins voru: Pálmi Gíslason fomaður UMFÍ, Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri UMFÍ, Jón Ármann Héðinsson, framkvæmdastjórn ÍSÍ, Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Reynir Karlsson íþróttafulltrúi ríkisins.

Á þinginu kom fram mikill áhugi fyrir eflingu sambandsins og voru gerðar 22 samþykktir þar að lútandi. Meðal helstu mála sem þetta þing afgreiddi má nefna umsókn um landsmót UMFÍ 1990, ákvörðun um að fólk stjórninni að stofna sérráð í knattspyrnu, handknattleik og frjálsíþróttum, o.fl.

Móttaka heimamanna ogaðstaða í Hlégarði var til mikillar fyrir-myndar.

### 60. ára afmælishóf.

Að loknum 58. ársþingi UMSK var haldið 60 ára afmælishóf sambandsins í Hlégarði. Til fagnaðarins var boðið öllum þingfulltrúum, fyrrverandi formönnum UMSK, fulltrúum sveitastjórnna, fulltrúum UMFÍ og ÍSÍ og ýmsum fleiri velunnurum sambandsins. 180 manns mættu í hófi sem var mjög vel heppnað og ánægjulegt í alla staði.

Margar góðar ræður voru fluttar, bornar fram árnaðaróskir og UMSK færðar gjafir. Þá sýndu fimleika- og karatedeildir íþróttafélagsins Gerplu listir sínar. Fagnaðinum lauk með dansi og lék hljómsveit hússins.

Þessum stórmæra atburði hafa verið gerð nákvæm skil í binggerð 58. ársþings uMSK, 4. tölvublaði Fréttabréfs UMSK og í 60 ára afmælisriti UMSK.

### Stjórn og framkvæmdastjórn.

Mikil endurnýjun átti sér stað á stjórn UMSK á 58. ársþingi sambandsins. Aðeins einn maður, Kristján Sveinbjörnsson, gaf kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn og Jón Ármann Héðinsson gaf kost á sér til endurkjörs í varastjórn. Stjórnin, sem skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum 22. mars, var skipuð sem hér segir:

Formaður:	Kristján Sveinbjörnsson, Umf. Bessast.hr.
v-formaður:	Sveinn Jóhannsson, Umf. Breiðablik
ritari:	Ölafur Magnússon, Umf. Dreng
gjaldkeri:	Sveinn Ottósson, Knattspyrnufél. Augnablik
meðstjórn.:	Jóhannes Sveinbjörnsson, Umf. Stjörnunni
varastjórn:	Jón Ármann Héðinsson, H.K. Gunnar Atlason, Umf. Aftureldingu Páll Áðalsteinsson, Umf. Aftureldingu

Aðildarfélög UMSK.

Aðildarfélög UMSK eru 15 talsins. Þau voru 14 í upphafi ársins en Íþrótafélagið Gáski bættist í hópinn á árinu. Hér fer á eftir stutt samantekt um helstu atriði er félögin varðar.

1. Umf. Drengur, Kjósahreppi.

Stofnað: 1915

Formaður: Guðmundur Davíðsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	6	- karlar	68	- alls	74
<u>yngri</u> en 16 ára -	" 7	- "	6	-	<u>allsl 13</u>
Samtals	konur 13	karlar 74		alls	87

2. Umf. Kjalnesinga, Kjalarneshreppi (UMFK)

Stofnað: 1938

Formaður: Kristinn Gylfi Jónsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	11	- karlar	38	- alls	49
<u>yngri</u> en 16 ára -	" 15	- "	29	-	<u>allsl 44</u>
Samtals	konur 26	karlar 67		alls	93

3. Umf. Afturelding, Mosfellssveit (UMFA)

Stofnað: 1909

Formaður: Hlynur Árnason

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	27	- karlar	90	- alls	117
<u>yngri</u> en 16 ára -	" 106	- "	156	-	<u>allsl 262</u>
Samtals	konur 133	karlar 246		alls	379

Félagið starfar í fjórum deildum og eru þær eftirfarandi:

Knattspyrnudeild	- formaður: Þorgrímur Októsson
Frjálsíþróttadeild	- formaður: Sigurður Jónsson
Handknattleiksdeild	- formaður: Davíð B. Sigurðsson
Sunddeild	- formaður: Alfa R. Jóhannsdóttir

4. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit.

Stofnað: 1981

Formaður: Örn Höskuldsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	50	- karlar	14	- alls	64
<u>yngri</u> en 16 ára -	" 4	- "	8	-	<u>allsl 12</u>
Samtals	konur 54	karlar 22		alls	76

5. Íþróttafélagið Gáski, Skálatúnshheimilinu Mosfellssveit.

Stofnað: 1982

Formaður: Sigrún Þórarinsdóttir

Fjöldi félaga: vistmenn o.fl. Skálatúnshheimilinu

6. Íþróttafélagið Gróttta, Seltjarnarnesi.

Stofnað: 1967

Formaður: Gunnar Lúðvíksson

## Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	18 - karlar	110 - alls	128
<u>yngri</u> en 16 ára - " 17 - " 96 - alls 113			
Samtals	konur	35	karlar 206 alls 241

## Félagið starfar í tveimur deildum og eru þær eftirfarandi:

Handknattleiksdeild	- formaður: Marinó Njálsson
Knattspyrnudeild	- formaður: Pétur Sigurðsson

7. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi.

Stofnað: 1971

Formaður: Margrét Bjarnadóttir

## Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	147 - karlar	141 - alls	288
<u>yngri</u> en 16 ára - " 400 - " 173 - alls 573			
Samtals	konur	547	karlar 314 alls 861

## Félagið starfar í fimm deildum og eru þær eftirfarandi:

Badmintondeild	- formaður: Einar Davíðsson
Borðtennisdeild	- formaður: Bergþóra Sveinsdóttir
Fimleikadeild	- formaður: Agnes Agnarsdóttir
Júðódeild	- formaður: Guðmundur Rögnvaldsson
Karatedeild	- formaður: Ævar Þorsteinsson

8. Umf. Breiðablik, Kópavogi (UBK)

Stofnað: 1950

Formaður: Ólina Sveinsdóttir

## Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	292 - karlar	513 - alls	805
<u>yngri</u> en 16 ára - " 210 - " 839 - alls 1049			

Samtals	konur	502	karlar 1352 alls 1854
---------	-------	-----	-----------------------

## Félagið starfar í sjö deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild	- formaður: Þorbjörg Rögnvaldsdóttir
Frjálsíþróttadeild	- formaður: Eðvald Geirsson
Handknattleiksdeild	- formaður: Jóhann Jóhannsson
Knattspyrnudeild	- formaður: Jón Ingi Ragnarsson
Körfuknattleiksdeild	- formaður: Magnús Baldursson
Skiðadeild	- formaður: Friðjón Einarsson
Sunddeild	- formaður: Hörður Ingólfsson

9. Íþróttafélag Kópavogs, Kópavogi (ÍK)

Stofnað: 1976

Formaður: Eggert Jóhannesson

## Fjöldi félaga:



16 ára og yngri - konur	14 - karlar	184 - alls	198
<u>yngri</u> en 16 ára - " 15 - " 298 - alls 304			

Samtals	konur	29	karlar 473 alls 502
---------	-------	----	---------------------

## Félagið starfar í tveimur deildum og eru þær eftirfarandi:

Knattspyrnudeild	- formaður: Magnús Harðarson
Tennisdeild	- formaður:

# Svipmyndir úr starfinu



## 10. Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi (HK)

Stofnað: 1970

Formaður: Þorsteinn Einarsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	51	- karlar	140	- alls	191
<u>yngri en 16 ára -</u>	<u>"</u>	<u>65</u>	<u>"</u>	<u>100</u>	<u>- alls 165</u>

Samtals	konur	116	karlar	240	alls 356
---------	-------	-----	--------	-----	----------

Félagið starfar í þremur deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild	- formaður: Albert H.N. Valdimarsson
Handknattleiksdeild	- formaður: Þorsteinn Einarsson
Körfuknattleiksdeild	- formaður: Eggert B. Ólafsson

## 11. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi.

Stofnað: 1971

Formaður: Páll Hreinsson

Fjöldi félaga:

16 ára og yngri - konur	4	- karlar	71	- alls	75
<u>yngri en 16 ára -</u>	<u>"</u>	<u>1</u>	<u>"</u>	<u>2</u>	<u>- alls 3</u>

Samtals	konur	5	karlar	73	alls 78
---------	-------	---	--------	----	---------

## 12. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi.

Stofnað: 1981

Formaður: Ingvar Teitsson

Fjöldi félaga: karlar 32

## 13. Umf. Stjarnan, Garðabæ.

Stofnað: 1960

Formaður: Bergbör Úlfarsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	46	- karlar	210	- alls	256
<u>yngri en 16 ára -</u>	<u>"</u>	<u>56</u>	<u>"</u>	<u>251</u>	<u>- alls 307</u>

Samtals	konur	102	karlar	461	alls 563
---------	-------	-----	--------	-----	----------

Félagið starfar í fimm deildum og eru þær eftirfarandi:

Badmintondeild	- formaður: Jóna Bjarkan
Blakdeild	- formaður: Ingólfur Freysson
Handknattleiksdeild	- formaður: Guðmundur Jónsson
Karatedeild	- formaður: Hannes Hilmarsson
Knattspyrnudeild	- formaður: Ingólfur Magnússon

## 14. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ.

Stofnað: 1975

Formaður: Erling Ásgeirsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	23	- karlar	59	- alls	82
<u>yngri en 16 ára -</u>	<u>"</u>	<u>18</u>	<u>"</u>	<u>128</u>	<u>- alls 146</u>

Samtals	konur	41	karlar	187	alls 228
---------	-------	----	--------	-----	----------

## 15. Umf. Bessastaðahrepps, Álfanesi.

Stofnað: 1946

Formaður: Einar Sveinn Reynisson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur	21	- karlar	41	- alls	62
<u>yngri en 16 ára -</u>	<u>"</u>	<u>27</u>	<u>"</u>	<u>21</u>	<u>- alls 48</u>

Samtals	konur	48	karlar	62	alls 110
---------	-------	----	--------	----	----------

### Skrifstofa UMSK.

Aukin störf og umsvif hjá UMSK hafa kallað á fast starfsmanna-hald og rekstur eigin skrifstofu. Nýliðið starfsár hefur UMSK haft starfsmann í fullu starfi meirihluta tímabilsins, en annan tíma í hluta starfi. Starfsmenn UMSK á starfsárinu hafa verið Gunnar Baldvinsson og Helgi Gunnarsson sem er núverandi framkvæmdastjóri.

Skrifstofa UMSK hefur verið til húsa að Mjölnisholti 14, Reykjavík. Fyrri- og meirihluta tímabilsins var skrifstofan í bráðabirgðaaðstöðu í húsnæði Ungmennafélags Íslands. Í október fíkkst ákaflega góð lausn á þessu vandamáli begar tekið var á leigu lítið skrifstofuherbergi hjá Prentbjónustunni s/f, sem einnig er til húsa að Mjölnisholti 14. Inngangurinn í skrifstofu UMSK er nú gegnt skrifstofu UMFF og á sömu hæð. Þó að húsnæðið sé lítið kemur það ekki að sök, þar sem við getum ennbá fengið afnot af fundarsal UMFI ef um fundi eða námskeið er að ræða. Ástæða er til að færa starfsfólki UMFI bakkir fyrir gott samstarf og greiðvirkni við UMSK.

Mikil fyrirhöfn og bó nokkur kostnaður var samfara flutningi skrifstofunnar. Til þess að gera hana vistlega og gott umhverfi til að vinna í þurfti að smiða skilrúm, mál og teppaleggja o.m. fl. Páll Aðalsteinsson stjórnaði verkinu af mikilli röggsemi en auk hans unnu að verkinu Kristján Sveinbjörnsson, Jón P. Sverrisson, Jóhannes Sveinbjörnsson og Gunnar Baldvinsson.

Verkefni skrifstofunnar er briðætt. Í fyrsta lagi að gegna þjónustuhlutverki við aðildarfélögini. Í öðru lagi að sinna eigin verkefnum og í þriðja lagi að vinna að verkefnum heildarsamtakanna, UMFF og fÍSÍ.

Þau eru ótrúlega mörg og margbætt verkefnin sem koma til afgreiðslu á skrifstofu UMSK. Á nýliðnu starfsári hafa aðildarfélögini nýtt sér skrifstofuna í auknu mæli og er það vel. Eigin starfsemi UMSK jökst einnig á tímabilinu, sérstaklega með tilliti til stofnunar sérráða og fjölgunar íþróttamóta. Þá var einnig óvenjulega mikið um sérstök verkefni á vegum heildarsamtakanna eins og fram kemur í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

### Skipun sérráða.

Á 58. ársþingi UMSK var samþykkt svohljóðandi tillaga:

"58. ársþing UMSK samþykkir að fela stjórn sambandsins að skipa í samráði við félögini sérráð í knattspyrnu, handknattleik og frjálsíþróttum. Sérráðin skulu sjá um mótt á vegum UMSK og einnig um mótt sem sambandið tekur hátt í. Heimilt er stjórn UMSK að skipa sérráð í fleiri greinar ef þurfa þykir."

Eftirtalin sérráð voru skipuð:

#### Knattspyrnuráð:

Gunnar Guðmundsson, form., Umf. Aftureldingu  
Grétar Bergsson, Íþróttafélag Kópavogs  
Pétur Ómar Ágústsson, Umf. Breiðablik  
Pétur Sigurðsson, Íþróttafélag Gróttu.

Til vara:

Sveinn Ottósson, Knattspyrnufél. Augnablik  
Jóhannes Sveinbjörnsson, Umf. Stjörnunni

Handknattleiksráð:

Alexander Þórisson, Umf. Breiðablik  
Davíð Sigurðsson, Umf. Aftureldingu  
Guðmundur Jónsson, Umf. Stjörnunni  
Marinó Njálsson, Íþróttafél. Gróttu  
Þorsteinn Einarsson, Handknattleiksfél. Kópavogs

Frjálsíþróttaráð:

Jón Þ. Sverrisson, formaður, Umf. Breiðablik  
Sigsteinn Sigurðsson, Umf. Aftureldingu  
Hrönn Guðmundsdóttir, Umf. Breiðablik

Til vara:

Karl Stefánsson, Umf. Breiðablik

Karateráð:

Þorlákur Kristinsson, Íþróttafél. Gerplu  
Jón Ó. Skarphéðinsson, Íþróttafél. Gerplu  
Fanney Ásgeirs dóttir, Umf. Stjörnunni  
Þór Ólafsson, Umf. Stjörnunni

Reynslan af stofnun þessara sérráða er bæði mikil og góð. Hik-laust ber að halda áfram á þessari braut og draumurinn er að stofna sérráð í öllum íþróttagreinum sem stundaðar eru á vegum aðildarfélaga UMSK.

Aftar í bessu riti eru birtar skýrslur frá Knattspyrnuráði, Hand-Knattleiksráði og Frjálsíþróttaráði. Karateráð var skipað í lok starfsársins og því var ekki mikil starfsemi á vegum þess þetta tímabil en grunnurinn hefur verið lagður og tónninn gefinn.

Fréttabréfið.

Flestir eru sammála um að með útgáfu fréttabréfsins hafi verið stigið stórt framfaraspóð í starfi UMSK. Það hafi reynst nauðsynleg kynning og tengiliður við aðildarfélöginn og allt umhverfi þess.

Á árinu 1982 komu út 11 tölublöð, þar af 8 bréf frá því núverandi stjórn tók við störfum. Við útgáfu hvers fréttabréfs voru prentuð 500 eintök og 400 stk. send út til aðila sem gegna ábyrgðar- og trúnaðarstörfum innan samtakanna og öðrum velunnurum UMSK. Afgangnum var síðan dreift smátt og smátt við ýmis tækifæri.

Efni fréttabréfanna var misjafnt en mest var um stuttar fréttir og tilkynningar úr starfi UMSK.

Kostnaðurinn við útgáfu fréttabréfsins er tiltölulega lítill og er það bjargföst trú stjórnar UMSK að hann skili sér í öflugu starfi hreyfingarinnar.

### Félagsmálafræðslan.

Einn öflugasti stuðningur sem UMSK getur veitt félögum sínum og félagsstarfi á sambandssvæði sínu, er án efa félagsmálafræðslan. Í gegnum tíðina hefur reynslan leitt í ljós að slik fræðsla leiðir til aukins félagsstarfs og aukinnar þátttöku einstaklinga.

Stjórn UMSK var með mikil áform um mörg námskeið þegar hún tók við störfum. Auglýst var í fréttabréfi og umburðarbréfum til aðildarfélaga og skóla að skrifstofa UMSK gæti útvegað bæði kennara og námsefni á félagsmálanámskeið væri þess óskað. Prátt fyrir þetta voru aðeins haldin tvö námskeið á árinu:

1. Flatauskóli. Félagsmálanámskeið I, 12 þátttakendur.
2. Skrifstofa UMFÍ. Gjaldkeranámskeið, 12 þátttakendur.

Ljóst er að betur má ef duga skal á næsta ári. Nauðsynlegt er að bessu mikilvæga verkefni verði sinnt betur.

### Kennsluskýrslur, kennslustyrkur.

Í byrjun ársins 1982 var gefinn út á vegum UMSK bæklingur til leiðbeiningar um útfyllingu kennsluskýrslna. Umsjón með útgáfu bæklingsins hafði Kristján Sveinbjörnsson sem við gerð hans hafði samráð við Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóra fSÍ, Sigurð Geirdal framkvæmdastjóra UMFÍ og Þorstein Einarsson f.v. íþróttafulltrúa ríkisins.

Óhætt er að fullyrða að útgáfa bessa leiðbeinendabæklings hafi skilað sér strax vorið 1982. Flest aðildarfélögin stóðu vel við útfyllingu kennsluskýrslnanna og skiliðu þeim á réttum tíma. En undantekningin sannar regluna. Það heyrði sem betur fer til undantekninga að félög skiliðu skýrslunum seint og illa en kom bó fyrir.

Mikilvægt er að félöggin standi vel að þessum málum í vor, því útlit er fyrir að meiri harka sé að færast í þessi mál. Skrifstofa UMSK mun eins og áður veita aðstoð við útfyllingu skýrslunanna verði þess óskað.

Kennslustyrkir 1982 komu óvenju seint eða í október. Skrifstofa UMSK brá skjótt við og útbjó uppgjör við aðildarfélögin og sendi til þeirra. Í sumum tilvikum gerðist það að kennslustyrkirnir dugðu ekki fyrir skuldum félaganna. Þegar svo var, fengu þau félög senda rukkun á sama tíma og önnur fengu senda ávisun. Verður það að teljast eðlilegt að þessi félög standi við skuld-bindingar sínar gagnvart héraðssambandinu og eins hið gagnkvæma.

### Nýtt félag.

Fimmtudaginn 10. júní var stofnað íþróttafélag að Vistheimilini Skálatúni í Mosfellssveit. Aðal hyvatamenn að stofnun félagsins voru starfsmenn Skálatúnshheimilisins með góðri aðstoð Sigurðar Magnússonar formanns Íþróttasambands fatlaðra.

Óskað var eftir að UMSK sendi fulltrúa á stofnfundinn og var Páli Aðalsteinssyni falið að mæta bar fyrir hönd sambandsins. Fundurinn var mjög fjölmennur, sóttu hann vistmenn, foreldrar og starfsfólk.

Samþykkt voru lög fyrir félagið og því gefið nafnið GÁSKI. Í stjórn sambandsins voru kosin:

Sigrún Þórarinsdóttir, formaður  
Guðný Guðmundsdóttir, ritari  
Trausti Sigurðsson, gjaldkeri

Í lok fundarins færði Sigurður Magnússon félaginu fána í sí með kveðju frá stjórn þess. Páll Aðalsteinsson færði félaginu afmælisfána UMSK og flutti kveðjur frá stjórn sambandsins.

Mánudaginn 5. júlí samþykkti stjórn UMSK inntökubeiðni frá Íþróttafélaginu GÁSKA. Aðildarfélög UMSK eru þá orðin 15 samtals.

UMSK býður Íþróttafélagið GÁSKA velkomið til starfa og fagnar því að fá það til liðs við sig.

#### Umsókn um landsmót.

Að 58. ársbingi var samþykkt tillaga þess efnis að fela stjórn sambandsins að sækja um að fá að halda landsmót UMFÍ 1990. Hinn 4. maí var síðan sent bréf til stjórnar Ungmennafélags Íslands. Í bréfinu er sótt um að fá að halda landsmót UMFÍ 1990 og verði það haldið að Varmá.

Að Varmá er góð sundlaug, stórt íþróttahús, barna og gagnfræðaskólar, félagsheimilið Hlégarður og tónlistarskóli. S.l. veturn voru hafnar framkvæmdir við íþróttavöll. Núverandi sveitastjórn Mosfellshrepps hefur ákveðið að koma íþróttavöllum á Varmárvæðinu í nothæft ástand fyrir 1990.

Stjórn UMFÍ hefur enn ekki ákveðið hvar landsmótið 1990 verður haldið, en nokkur héraðssambönd hafa sótt um það. Með tilliti til góðrar aðstöðu að Varmá hlýtur umsókn UMSK að teljast líkleg til að verða fyrir valinu.

#### Sumarhúsið í Prastarskógi.

Töluverð ásókn var í sumarhús UMSK í Prastarskógi s.l. sumar. 10 hópar dvöldu í húsinu á tímabilinu 11. júní til 6. október.

Mikil ánægja var meðal þeirra hópa sem dvöldu í sumarhúsinu þrátt fyrir ekkert rennandi vatn og rafmagn. Komust færri að en vildu en það sem olli því að fleiri hópar skyldu ekki dveljast í húsinu umrætt tímabil, var að mesta ásóknin var í sömu helgar, b.e. um hásumarið.

Vinnuskóli Mosfellshrepps fór í Prastarskógi í lok júlímanaðar og unnu að tiltekt, klippingu á trjám og kjarri í kringum sumarhúsið og unnu að lagfæringu á hlaði og göngustígum. Páll Aðalsteinson og Kristján Jónsson skógarvörður stjórnnuðu verkinu. Mos-

fellshreppur á skilið sérstakar þakkir fyrir þetta lofsverða framtak.

Mikil þörf er á að vinna að og bæta aðstöðuna til dvalar í Prastarskógi á næstu árum.

### Keppnisbúningur.

Sú hugmynd kom fram s.l. sumar að mjög æskilegt væri að hanna sérstakan keppnisbúning fyrir íþróttafólk, sem keppir í nafni UMSK. Rökin fyrir þessari hugmynd voru þau að bæði myndi búningurinn vera jákvæð kynningarstarfsemi fyrir sambandið auk þess að efla samstöðu íþróttafólks UMSK.

Leitað var til Halldórs Einarssonar í Henson um að hanna útlit á búningum sem hann og gerði. Lét hann í té sýnishorn sem haft var til sýnis á skrifstofu UMSK. Mæltist útlit búningsins einkar vel fyrir og létu menn almennt í ljós mikinn áhuga á þessu málí.

Því miður varð ekkert úr framkvæmd þessarar hugmyndar og olli því slæm fjárhagsstaða UMSK. Ekki bótti heldur rétt að fjármagna búninginn með auglýsingu bar sem þá hafði verið ákveðið að gefa út 60 ára afmælisrit, fjármagnað með auglýsingum.

Þó svo ekkert hafi orðið úr þessum búningakaupum á þessu starfsári má þessi áhugaverða hugmynd ekki falla niður. Það væri e.t.v. verðugt viðfangsefni fyrir næstu landsmótsnefnd UMSK að kanna þetta mál nánar.

### Verkefni heildarsamtakanna.

Hinn árlegi Göngudagur fjölskyldunnar var sunnudaginn 13. júní. Að þessu sinni var dagurinn unninn í samvinnu við Mjólkurdagsnefnd og því einnig kallaður Mjólkurdagur.

Pátttaka fólks í göngudeginum var með ágætum eða svipuð og 1980. Talið er að alls hafi gengið rúmlega 4500 manns á landinu öllu á vegum 91 ungmennafélags.

A vegum aðildarfélaga UMSK voru gengnar fjórar göngur með þátttöku rúmlega 200 manns. Eftirtalin félög stóðu að eða sáu um göngu: UBK, ÍK, HK, Ýmir, Gerpla og Augnablik fyrir Kópavog. Umf. Drengur, Umf. Bessastaðahrepps og Umf. Aftugelding, hvert í sínu byggðarlagi.

Eflum íslenskt. Í tilefni af 75 ára afmæli UMFF ákvað stjórn UMFF að efna til einstaks afmælisverkefnis með þátttöku sem flestra ungmennafélaga á landinu. Fyrir valinu varð verkefnið "Eflum íslenskt" sem var fólgjó i því að hjólað var í kringum landið á bremur hjólum með það að leiðarljósi að hvetja íslendinga til að velja íslenska framleiðslu fremur en erlenda.

Það kom í hlut UMSK að sjá um fyrsta og síðasta áfanga leiðarinnar, frá Lækjartorgi til Straumsvíkur 25. júní og frá Bqtnskála til Lækjartorgs þann 11. júlí.

Þáttaka UMSK og aðildarfélaga þess var með ágætum. Sérstaklega var báttaka góð þegar komið var til baka enda hafði verkefnið þá fengið ærna kynningu í fjöldum. Á vegum UMSK hjóluðu tæplega 80 manns frá 14 aðildarfélögum auk allra hinna sem hjóluðu með. Þegar "hringnum var lokað" á Lækjartorgi sunnudaginn 11. júlí höfðu verið hjólaðir rúmlega 3200 km. og yfir 3000 manns hjólað á þessum þremur sem fóru alla leið auk fjölda annarra sem hjóluðu einhverja vegalengd með.

Trimmdagur fÍSÍ var sunnudaginn 27. júní. Tilgangur hans var að vekja áhuga og athygli almennings á íþróttum og útiveru í tilefni af 70 ára afmæli fÍSÍ. Dagurinn var stigakeppni á milli héraðssambanda. Keppnin fór þannig fram að allir landsmenn voru hvattir til að trimma í einhverri íþróttagrein og skrá sig hjá viðkomandi héraðssambandi. Það héraðssamband sem hlyti mesta báttöku miðað við íbúafjölda í héraðinu skyldi sigra. Héraðssamband Strandamanna sigraði þessa keppni. Þáttaka á sambandssvæði UMSK var frekar dræm en aðeins tæplega 2500 manns skráði sig. Á sambandssvæði UMSK búa yfir 25000 manns.

Þáttakan skiptist þannig á milli einstakra félaga: Á vegum Umf. Aftureldingar trimmuðu 297 manns, á vegum Umf. Stjörnunar 390 manns, í Kópavogi (á vegum allra félaga þar) 872 manns og á vegum Umf. Bessastaðahrepps trimmuðu 35 manns. Umf. Drengur og Íþróttafélagið Gróta skiliðu ekki skráningarblöðum.

### Framlög sveitarfélaga.

Á undanförnum árum hefur stuðningur sveitarfélaganna á sambandsvæði UMSK til héraðssambandsins farið vaxandi. Má því segja að það miði í rétta átt með tilliti til þess að störf og umsvif UMSK hafa aukist verulega. Þetta ber að sjálfsögðu að þakka og er hér með komið á framfæri kveðju till allra sveitarstjórnarmana á svæðinu með þökk fyrir gott samstarf. Samhliða auknum starfi sambandsins og kynningu þess út á við t.d. með fréttabréfinu hafa sveitarfélög, fyrirtæki og fleiri aðilar sýnt meiri skilning á nauðsyn þess að halda uppi þróttmiklu héraðssambandi. Því miður vantar þó nokkuð á að öll sveitarfélögin á svæðinu sýni þetta í verki.

Til þess að samband sem UMSK sé fært um að gegna sínu hlutverki er því nauðsynlegt að hafa fastan starfsmann og skrifstofuaðstöðu. Þetta hefur reynslan greinilega leitt í ljós á undanförnum árum. Stjórn og þing UMSK hefur miðað styrkbeiðnir til sveitarfélaganna við það að framlög beirra hrykkju fyrir launum eins starfsmanns, en varlega áætlað gæti það numið u.h.b. helmingi heildarútgjálda sambandsins miðað við núverandi starfsemi þess. Það sem umfram er, verður héraðssambandið að fjármagna með ríkisstyrk (útbreiðslustyrk), félagsgjöldum frá aðildarfélögum og eigin fjáröflunum (sjá reikninga sambandsins).

Sveitarfélögin á sambandssvæði UMSK eru sjö að tölu með samtals um 27000 íbúa. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1983 fór UMSK þess á leit við sveitarfélögin að þau miðuðu fjárveitingar til sambandsins við kr. 5,- á hvern íbúa.

Loks fylgir hér með greinargerð um framlög sveitarfélaga til UMSK á árinu 1982.

Sveitarfélag	heildarframlag kr.	á íbúa (ca)
Bessastaðahreppur	3.000,-	5,73
Garðabær	7.500,-	1,46
Kópavogur	55.000,-	3,93
Seltjarnarnes	5.000,-	1,50
Mosfellshreppur	7.500,-	2,38
Kjalarneshreppur	0,-	0,00
Kjósarhreppur	1.000,-	5,15
Framlög sveitarfélaga alls	79.000,-	meðaltal 2,90

Við athugun þessara talna ber að hafa það í huga að misjafnt er hversu mikið sveitarfélögin styrkja æskulýð og íþróttafélög heimafyrir. Frá sýslusjóði Kjósarsýslu var framlag til UMSK kr. 40.000,- árið 1982.

#### Ýmsar fjáraflanir.

Það kostar mikla peninga að drífa heilt héraðssamband upp úr lægð svipaðri og UMSK var í. Ýmsan stofnkostnað þarf að leggja út, t.d. við útvegun starfsaðstöðu og farandverðlaunagripa. Frammi fyrir þessum vanda stóð stjórn UMSK sem var með allar klær úti við öflun rekstrarfjár.

Það yrði of langt mál að gera 'grein fyrir öllum beim fjárfelnum sem rāðist var í og því verður gripið til þess rāðs að minnast aðeins á nokkrar þær stærstu í þessum kafla. Með reikningum sambandsins fylgir sundurliðun á öllum tekjum UMSK s.l. ár. Getraunum, landshappdrætti UMFÍ og 60 ára afmælisriti UMSK verða gerð skil í sérstökum köflum.

Prisvar sinnum s.l. sumar leigði stjórn sambandsins út samkomutjald UMSK. Höfðust af þessu ágætis tekjur, sem lítið burfti að hafa fyrir, alls kr. 12.000,-. (Þess má geta að tjaldið stendur aðildarfélögum UMSK til boða, endurgjaldslaust).

Á trimmdegi fSÍ bann 27. júní var leitað til aðildarfélaga UMSK um sölu á sérstökum trimmmiðum. Flest félögin tóku þessari beiðni vel og hafði sambandið kr. 10.724,- í tekjur af sölu trimmmiðanna.

Í samvinnu við Umf. Dreng og hljómsveitina Starf voru haldnir þrír dansleikir í Félagsgarði um verslunarmannahelgina. Boðið var upp á tjaldstæði fyrir utan félagsheimilið og var samkomutjald UMSK sett þar upp og í því höfð veitingasala. Því var slæm aðsókn að þessum dansleikjum og hagnaður því lítil sem enginn. Fjöldi sjálfbóðaliða unnu bessa helgi fyrir UMSK og var mikil vinna lögð í bessa fjárfelnum.

Laugardaginn 14. ágúst var haldinn dansleikur í Félagsgarði. UMSK stóð fyrir dansleiknum en Umf. Drengur sá um veitingasölu í húsinu. Að þessu sinni var samið við hljómsveitina Stuðmenn og nú fjölmennti fólk á ballið. Hagnaður UMSK af þessum dansleik var kr. 14.597,-. Stjórn UMSK vill senda Umf. Dreng sérstakar bakkir fyrir að leyfa sambandinu að halda dansleiki í

Félagsgarði í stað þess að halda dansleikina sjálft. Einnig er ástæða til að bakka félögum úr Umf. Dreng og frjálsíbróttadeild UBK og öðrum sem unnu að dansleikjunum í Félagsgarði, fyrir mikið og fórnfust starf.

### Getraunir.

Starfsárið 1981-1982 seldu félög innan UMSK 979.640 raðir og fengu í sölulaun kr. 244.910,-. Sambandið fékk í sinn hlut 3% af sölu aðildarfélaganna eða kr. 29.398,30.

Yfirlit yfir sölu aðildarfélaga UMSK á getraunaseðlum 1981-1982.

	seldar raðir	sölulaun
Afturelding - hand	98.972	24.743,-
" - knatt	120.684	30.171,-
Breiðablik - blak	9.456	2.364,-
" - frjálsar	165.112	41.278,-
" - hand	33.288	8.322,-
" - knatt	202.840	50.710,-
" - karfa	48.260	12.065,-
Grótt - hand	61.204	15.301,-
Í.K.	70.440	17.610,-
Stjarnan - blak	7.880	1.970,-
" - hand	144.560	36.140,-
" - knatt	<u>16.944</u>	<u>4.236,-</u>
	979.640	244.910,-

1980-1981 var UMSK með 7,23% af heildarsölu getraunaseðla en 1981-1982 7,43%.

Í fyrra seldu 12 félög og deildir getraunaseðla en þegar betta ár eru þau orðin 17. Eftirtalin félög og deildir hafa bæst í hópinn: Knattspyrnufélagið Augnablik, Sunddeild Breiðabliks, Gerpla, HK og Umf. Kjalnesinga.

Salan fór mjög vel af stað í haust og eftir 17 vikur hafði hún aukist um 61,44% miðað við sama tíma og í fyrra, en um 24,05% á landinu öllu. UMSK var með 8,69% af heildarsölunni.

Þar sem sala á getraunaseðlum er orðin svo stórváttur í starfi samtakanna hefur stjórn UMSK reynt að aðstoða aðildarfélögin eftir föngum. M.a. lét húnhanna sérstök umslög með texta á til að auðvelda uppgjör frá einstökum sölumönnum. Einnig hafa verið birtar reglulega greinar um getraunir í fréttabréf UMSK með hagnýtum upplýsingum og hvatningu til félaganna. Loks hefur skrifstofan ávalt verið tilbúin til aðstoðar við félögin hafi bess verið óskað.

### Landshappdrætti UMFÍ.

Sala á happdrættismiðum í landshappdrætti UMFÍ gekk mjög vel brátt fyrir erfitt árferði. Með erfiðu árferði er átt við að óvenju mikið var um allskyns fjáraflanir í gangi á sama tíma og landshappdrætti UMFÍ.

Verð á hverjum miða var kr. 50,- þar af kr. 25,- í sölulaun sem stjórn UMSK ákvað að skyldu renna í heild og óskipt til félaganna.


Alls soldust 2777 miðar en það er rúmlega 3,7% söluaukning frá árinu 1981. Í sölulaun til aðildarfélaganna runnu því samtals kr. 69.425,- eða um 70 búsundir króna sem verður að teljast talsvert. Auk þess fékk UMSK kr. 3.350,- sem sölulaun af sölu umfram meðaltal síðustu briggja ára. Þá var og ánægjulegt að 10 vinningar voru dregnir út á sambandssvæði UMSK að verðmæti kr. 86.000,-.

Landshappdrætti UMFÍ hefur verið í gangi á hverju ári s.l. 10 ár og er nú orðinn fastur liður í starfi margra félaga. Eins er það orðinn árlegur viðburður hjá mörgum íslendingum að styðja ungmenningarfélagshreyfinguna með því óa kaupa miða í landshappdrættinu. Ef vel er á málum haldið má enn fjölgja í þessum hóp og að því ættu ungmenningarfélagar að stefna strax á næsta ári.

Yfirlit yfir sölu aðildarfélaga UMSK 1980, 1981 og 1982:

	soldir miðar			mismunur %	
	1980	1981	1982	1981	1982
Umf. Drengur	45	86	100	+ 91	+ 16
Umf. Kjalnesinga	91	150	165	+ 65	+ 10
Umf. Afturelding	230	272	431	+ 18	+ 58
Umf. Bessastaðahrepps	76	172	119	+ 26	- 3
fþróttafélagið Gróttá	0	138	136		- 1
Umf. Breiðablik	451	631	385	+ 6	- 39
fþróttafélagið Gerpla	391	738	703	+ 89	- 5
Handknattleiksfél. Kópavogs	0	0	239		
fþróttafélag Kópavogs	255	184	120	- 28	- 35
Knattspyrnufél. Augnablik	0	0	38		
Siglingafélagið Ýmir	100	61	60	- 39	- 1
Umf. Stjarnan	220	163	183	- 26	+ 12
Siglingafélagið Vogur	0	60	27		- 55
fþróttafélagið Gáski	0	0	71		
Skrifstofa UMSK	0	22	0		
Samtals	1859	2677	2777	+ 44	+3,7

# Frá 58. ársþingi UMSK



Fundir og bing.

Á árinu 1982 var lögð nokkur áhersla á það að fulltrúar frá UMSK sækta fundi og þing slandssamtaka. Óbarft er að fjölyrða um mikilvægi bess en hér fer á eftir yfirlit um samkomur af þessu tagi sem setnar voru af fulltrúum UMSK á árinu 1982.

Sambandsstjórnarfundur íSÍ var haldinn í Hafnarfirði 14. janúar. Þar mætti fyrir hönd UMSK Kristján Sveinbjörnsson formaður.

Íþróttabing var haldið dagana 4. og 5. september að Hótel Loftleiðum. UMSK átti þar rétt á átta fulltrúum og komust færri að en vildu, bannig að mætt var með fullskipað lið. Þá hafa fulltrúar frá UMSK setið eftirtalin ársbing sérsambanda:

Ársbing Blaksambands Íslands (BLÍ)	12. júní
" Badminton sambands Íslands (BSÍ)	30. október
" Siglingasambands Íslands (SÍL)	13. nóvember
" Fimleikasambands Íslands (FSÍ)	27. nóvember
" Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ)	4. og 5. des.
" Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ)	4. desember

Hjá UMFÍ voru haldnar eftirtaldar samkomur: Framkvæmdastjórnámskeið var haldið í Kópavogi dagana 5.-6. júní og sátu það Kristján Sveinbjörnsson og Gunnar Baldvinsson.

Norræna ungmannavikan var haldin á Selfossi dagana 11.-21. júlí og voru þar eftirtaldir þátttakendur frá UMSK: Benóni T. Eggertsson, Gunnar Páll Pálsson, Kári Gylfason, Eyjólfur Jónsson, Steinþór Pálsson, Bjarni Ásgeirsson, Jón Ingvar Jónasson.

23. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn þann 20. nóvember. Þar mættu frá UMSK formaður og framkvæmdastjóri og auk þeirra Páll Aðalsteinsson sem stjórnaði fundinum. Í framhaldi af fundinum var haldið höf i tilefni af 75 ára afmæli Ungmennafélags Íslands. Ýtarlega er sagt frá fundinum og afmælishófinu í Skinfaxa, tímariti ungmannafélagsreyfingarinnar.

Loks skal bess hér getið að haldnir voru þrír formannafundir á vegum UMSK á árinu 1982. Sá fyrsti var haldinn 18. janúar og voru gestir fundarins þeir Hermann Guðmundsson frá íSÍ og Þorsteinn Einarsson fyrrverandi íþróttafulltrúi og aðalmálið var útfylling kennsluskýrslna. Svöruðu þeir Hermann og Þorsteinn spurningum fundarmanna þar að lútandi.

Þann 10. júní var næsti formannafundur haldinn. Voru helstu verkefnihans að kynna og samræma verkefni frá heildarsamtökum t.d. verkefnið "Eflum íslenskt", Trimmdagur íSÍ og Göngudagur Fjölskyldunnar.

Loks var haldinn formannafundur þann 16. september. Þar var rætt um starf s.l. sumars, fjárhag sambandsins og framtíðarverkefni.

Formannafundir eru haldnir til að stuðla að auknum kynnum formanna félaganna og samræma félgsstarfið. Þeir eru einnig ráðgefandi fyrir stjórn sambandsins, en hafa ekki ákvörðunarvald í sjálfu sér.

### Iþróttamót.

Á árinu 1982 voru haldin 10 íþróttamót á vegum UMSK. Aldrei áður hafa verið svo mörg mótt hjá sambandinu áður.

Eftirtalin íþróttamót voru haldin hjá UMSK 1982:

1. Innanhússmót í knattspyrnu 3. og 4. apríl.
2. Skólahlaup UMSK 2. maí.
3. Meistaramót UMSK í frjálsíþróttum 14 ára og yngri 26. júní.
4. Héraðsmót í frjálsíþróttum 3. og 4. júlí.
5. Miðsumarsmót 6.fl. í knattspyrnu 17. júlí.
6. Haustmótt í knattspyrnu (allir flokkar).
7. Siglingamót UMSK 9.-11. júlí.
8. Siglingamót yngri flokka 28. ágúst.
9. Karatemót UMSK 10. október.
10. Héraðsmót í handknattleik.

Í bessari grein verður fjallað um þau mótt sem ekki eru gerð skil í skýrslum frá sérráðum.

Siglingamót UMSK var haldið helgina 9.-11. júlí undir stjórn Siglingafélagsins Ýmis í Kópavogi. Aðeins brír bátar tóku þátt í mótinu. Ástæðan fyrir þessu fámenni er sú að mjög stórir kjölbátar eru einu gjaldgengu bátarnir í svona mótt.

Siglt var frá Fossvogi til Arnarstapa á Snæfellsnesi þar sem snúið var við og siglt til baka. Ferðin tók um 25 tíma fyrir tvo bátana en sá þriðji lenti í hrakningum svo landsfrægt varð.

Hampiðjan h/f gaf öll verðlaun í mótið.

Siglingamót yngri flokka var haldið í Garðabæ laugardaginn 28. ágúst. Framkvæmdaraðili var Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ og fór mótið vel fram enda var veður hagstætt.

Keppt var í tveimur flokkum, 8-12 ára og 13-15 ára. Úrslit urðu sem hér segir:

Eldri flokkur	Yngri flokkur	
1. Arnar Freyr Jónsson Vogi	1. Magnús Valþórsson	Pyt
2. Einar Birgisson "	2. Jón Eiríksson	"
3. Sigriður Brynjólfssd. "	3. Birgir Jónsson	Vogi

Fyrirtækið íSSPOR í Kópavogi gaf öll verðlaun í mótið.

Karatemót UMSK. Fyrsta héraðsmót UMSK var haldið í Garðabæ sunnudaginn 10. október. Tvö félög tóku þátt í mótinu, Stjarnan í Garðabæ og Gerpla í Kópavogi. Þetta eru einu félögin innan sambandsins sem eru með Karatedeildir. Í karate eru tvennis konar keppnisform. Annars vegar KATA, sem eru formlegar æfingaseriur og hins vegar KUMITE, sem er frjáls bardagaaðferð.

Pátttakendur í mótinu voru 36. Áhorfendur voru um 100. Úrslit urðu sem hér segir:

KATA kvenna	KATA drengja	
1. Sigriður R?	Stjörn.	1. Ívar Ottósson
2. Alda Baldursdóttir	"	2. Helgi Jóhannesson
3. Anna María Stefánsd.	"	3. Jón H. Steingrímsson

## KATA karla

## KUMITE (3 manna sveitir)

1. Ævar Þorsteinsson	Gerplu	1. B-sveit Stjörnunnar
2. Hannes Hilmarsson	Stjörn.	2. A-sveit Stjörnunnar
3. Kjell Teit	Gerplu	3. A-sveit Gerplu

UMSK gaf öll verðlaun í mótið.

Lokaorð.

Fjölmennt og árangursrikt 58. héraðsþing UMSK og glæsilegt 60 ára afmælishóf virkuðu sem vítamínsprauta á sambandið. Starfsárið 1982-1983 hefur verið athafnasamt og margt hefur áunnist. Enn má þó gera betur og sumt hefði betur verið látið ógert.

60 ár eru að baki. Þó að 60 ár séu ekki langur tími í lífi samtaka sem UMSK má samt viða sjá merkin. Fjölmargir einstaklingar eiga margar góðar minningar frá störfum sambandsins og á hverju ári verða þeir fleiri sem svo er ástatt um. Vonandi verða þeir sem flestir ár hvert.

60. starfsár UMSK var um margt merkilegt. Sambandið, sem verið hafði í nokkurri lægð í lok áttunda áratugsins, hóf störf af miklum krafti sem endist út allt árið. Stofnun sérráða og fjölgun íþróttamóta ásamt aukinni þjónustu við aðildarfélögin, eru þeir atburðir sem mest bar á. Draumurinn er þó að sérráðunum verði fjöldað og að þegar á næsta starfsári geti UMSK haldið héraðsmót í öllum þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru á vegum aðildarfélaganna.

Reynslan sýndi að eigi UMSK að geta sinnt hlutverki sínu eðili-lega er fast starfsmannahald nauðsynlegt. Á tímabilinu voru umsvif sambandsins svo mikil að starfsmenn voru tveir og höfðu nóg að starfa.

En þó UMSK hafi verið með fast starfsmannahald mest allt árið má ekki gleyma öllum sjálfböðaliðunum. Þeir voru margir og unnu mikið og óeigingjarnt starf á vegum samtakanna. Sannleikurinn er sá að þeim fjöldaði mjög á síðasta ári sé miðað við næstu ár á undan. Þessum einstaklingum skulu öllum færðar bestu þakkir.

Íbúar á sambandssvæði UMSK eru rúmlega 25.000 manns. Félagar innan UMSK eru um 5.500 talsins, eða rúmlega fimmty hver íbúi héraðsins. Prátt fyrir þessa staðreynd hefur tíminn leitt í ljós að mikil börf er á öflugri kynningarstarfsemi fyrir sambandið og aðildarfélögin, á hverjum tíma. Þetta ættu allir félagar innan UMSK að hafa hugfast. Besta kynningin sem sambandið og félögin geta fengið er öflugt æskulýðs- og íþróttastarf.

18. landsmót UMFÍ verður haldið í Keflavík og Njarðvík sumarið 1984. Pangad mun UMSK senda fjölmennan og friðan hóp sem mun halda merki sambandsins á lofti. Mörgum finnst vera tím til kominn að UMSK sigri á landsmóti. Því ekki að gera bað að sameiginlegu markmiði okkar að sigra á 18. landsmóti UMFÍ?

Fyrir hönd stjórnar UMSK

Kristján Sveinbjörnsson  
Gunnar Baldvinsson  
Helgi Gunnarsson

60 ára afmælisrit UMSK.

Á 58. ársbingi UMSK var samþykkt að gefið skyldi út afmælisrit í tilefni 60 ára afmælis sambandsins á árinu 1982. Málid var því næst tekið upp á stjórnarfundi þann 20. ágúst s.l. og var þá skipuð ritnefnd. Í nefndinni áttu sæti þeir Gunnar Baldvinsson, Helgi Gunnarsson, Kristján Sveinbjörnsson, Páll Aðalsteinson og Sveinn Jóhannsson.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn þann 25. ágúst 1982. Var þar einkum rætt um dreifingu og fjármögnun blaðsins, en einnig um efni þess. Sú ákvörðun var tekin að fjármagna blaðið með auglýsingum og að dreifa því ókeypis á hvert heimili á sambandssvæði UMSK. Einig var ýmsum velunnurum sambandsins gefinn kostur á að styrkja útgáfuna með fjárfamlögum. Í því skyni voru sendir út u.b.b. 200 gíróseðlar að upphæð kr. 200,- hver seðill.

Leitað var tilboða í prentun blaðsins og var tilboði tekið frá Prentbjónustunni, Mjölnisholti 14. Þá var strax hafist handa við söfnun auglýsinga og efnis og skiptu nefndarmenn því sín á milli. Stefnt var að því að blaðið kæmi út um mánaðarmótin nóv./des. og að dreifingu yrði lokið fyrir jól.

En eins og öllum er kunnugt um sem reynt hafa, er útgáfa rits sem þessa ekkert áhlaupaverk. Svo fór einnig að það kom út seinna en áformað var, eða skömmu fyrir jól. Efnisöflun og söfnun auglýsinga gekk heldur treglega framan af og segja má að harðfylgi nokkurt hafi þurft til að ritið leit dagsins ljós á afmælisárinu.

Má ef til vill merkja hett á gæðum blaðsins en miðað við þá tímabréng sem útgáfan lenti í, verður árangurinn að teljast þokkalegur. Það skal hó að sjálfsögðu látið öðrum eftir að dæma um ágæti afmælisritsins, enda sýnist víst sitt hverjum þar um.

Nokkur fjárhagslegur ágóði var af útgáfunni eins og sjá má af ársreikningum sambandsins. Víst hefði hann mátt vera meiri, en ekki ber þó að meta ávinning af útgáfustarfsemi sem þessari með bókhaldslegum hagnaði einvörðungu. Það er mat undirritaðs að slik útgáfa gegni þýðingarmiklu hlutverki við kynningu samtakanna, svo og varðveislu sögulegs fróðleiks.

Loks skal hér þakkað öllum þeim sem studdu útgáfu ritsins með fjárfamlögum, efni, dreifingu, eða á annan hátt.



F.h. ritnefndar,  
Helgi Gunnarsson.

Skýrsla Frjálsíþróttaráðs.

Hinn 29. mars 1982 skipaði stjórn UMSK Frjálsíþróttaráð fyrir starfsárið 1982-1983. Eftirtaldir áttu sæti í ráðinu:

Jón P. Sverrisson, formaður, Umf. Breiðablik  
Sigsteinn Sigurðsson, Umf. Aftureldingu  
Hrönn Guðmundsdóttir, Umf. Breiðablik

# Úr 60 ára afmælishófi UMSK



Til vara

Karl Stefánsson, Umf. Breiðablik.

Samkvæmt 5. samþykkt 58. ársþings UMSK var Frjálsíþróttaráði falið að standa fyrir héraðsmótum í frjálsíþróttum, auk þess að sjá um háttöku sambandsins í opinberum mótm.

Innanhússmót í frjálsíþróttum fór fram í tvennu lagi, í Mosfellssveit 27. apríl og í Baldurshaga 28. apríl. Kependur voru 22 frá Umf. Breiðablik og Umf. Aftureldingu. Keppt var í langstökki með og án atrennu, hástökk, 50 m. hlaupi, 50 m. grindahlaupi og þristökki með og án atrennu. Verðlaun voru veitt af UMSK og fengu hrír efstu í hverri grein verðlaunapening.

Um mótið má segja að heildarárangur keppenda hafi verið góður. Sérstaklega kom frjálsíþróttadeild UMFA á óvart og lofaði árangur hennar mjög góðu fyrir sumarið.

Skólahlaup UMSK var eindurvakið eftir nokkurra ára hlé. Það var haldið sunnudaginn 2. maí í Garðabæ. Þetta er keppni milli skóla á sambandssvæði UMSK og er keppnin bæði einstaklings- og sveitakeppni.

Keppt var í fjórum flokkum: 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur, 5. og 6. bekkur, 7., 8. og 9. bekkur. Hver sveit er skipuð 12 hlaupurum, 6 stúlkum og 6 piltum. Þátttaka í hlaupinu var mjög góð en alls bárust 298 skráningar frá 12 skólum í hlaupið (16 skólar eru á sambandssvæði UMSK). Í sumum skólunum höfðu áður farið fram farkeppnir,

Mjög leiðinlegt veður var þegar hlaupið fór fram, hávaðarok og kului og var það örugglega ástæðan fyrir því að "aðeins" 207 luku keppni.

Glæsileg verðlaun voru í hlaupinu og voru þau öll gefin af GARDAHÉÐNI. 3 fyrstu stýlkur og 3 fyrstu piltar í hverjum flokki fengu verðlaunapeninga. Þá veitti UMSK öllum þátttakendum viðurkenningarskjöl.

Frjálsíþróttaráð vill færa GARDAHÉÐNI þakkir fyrir gefin verðlaun. Einnig Markúsi Einarssyni íþróttakennara, sem stjórnaði skólahlaupinu af mikilli röggsemi.

Úrslit í sveitakeppni urðu sem hér segir:

1.-2. bekkur, 72 luku keppni frá 8 skólum:

1. Varmárskóli	534	stig	(12 luku keppni)
2. Höfsstaðaskóli	505	"	(12 luku keppni)
3. Flataskóli	392	"	(12 luku keppni)
4. Snælandsskóli	332	"	(10 luku keppni)
5. Kársnesskóli	330	"	( 9 luku keppni)
6. Digranesskóli	322	"	(11 luku keppni)
7. Kópavogsskóli	210	"	( 5 luku keppni)
8. Ásgarðsskóli	3	"	( 1 lauk keppni)

3.-4. bekkur, 64 luku keppni frá 8 skólum:

1. Flatskóli	427	stig	(12 luku keppni)
2. Varmárskóli	396	"	(10 luku keppni)
3. Snælandsskóli	306	"	(10 luku keppni)
4. Dígranesskóli	303	"	(10 luku keppni)
5. Höfðastaðaskóli	265	"	(10 luku keppni)
6. Kársnesskóli	262	"	( 8 luku keppni)
7. Kópavogsskóli	103	"	( 2 luku keppni)
8. Ásgarðsskóli	18	"	( 2 luku keppni)

5.-6. bekkur, 47 luku keppni frá 7 skólum:

1. Varmárskóli	298	stig	(11 luku keppni)
2. Dígranesskóli	242	"	( 8 luku keppni)
3. Snælandsskóli	211	"	(10 luku keppni)
4. Kársnesskóli	184	"	( 8 luku keppni)
5. Flatskóli	173	"	( 7 luku keppni)
6. Ásgarðsskóli	13	"	( 2 luku keppni)
7. Kópavogsskóli	7	"	( 1 lauk keppni)

7.-9. bekkur, 24 luku keppni frá 5 skólum:

1. Víghólaskóli	105	stig	( 6 luku keppni)
2. Garðaskóli	74	"	( 7 luku keppni)
3. Snælandsskóli	56	"	( 5 luku keppni)
4. G.s. Mosfellssveit	42	"	( 5 luku keppni)
5. Valhúsaskóli	23	"	( 1 lauk keppni)

Meistaramót UMSK 14 ára og yngri var haldið í fyrsta skipti í Mosfellssveit 26. júní. Keppendur voru 30 frá UBK og UMFA. Umsjón með mótinu hafði frjálsíþróttadeild UMFA.

Mótið fór vel fram og náðust margir ágætir árangrar. Það olli hins vegar miklum vonbrigðum að fleiri félög skyldu ekki senda keppndur á mótið.

Héraðssmót UMSK var haldið helgina 3.-4. júlí í Kópavogi. Eins og aður mættu aðeins tvö lið til leiks, UMFA og UBK.

Umsjón með mótinu hafði mótanefnd UBK og fórst það verk vel úr hendi. Tókst mótið mjög vel að öðru leyti en því að lítið var af starfsfólk.

Úrslit urðu þau að UBK sigraði með 295,5 stigum gegn 157,5 stigum UMFA. Hlaut UBK að launum glæsilegan bikar sem SÓLNING h/f gaf.

## Bestu afrek:

1. Hreinn Jónasson, spjótkast	62,75 m	795	stig
2. Einar Óskarsson, UBK, stangarstökk	3,75 m	741	stig
3. Helgi Hauksson, UBK, hástökk	1,85 m	725	stig
1. Hrönn Guðmundsdóttir, UBK, 400 m.hl.	58,2 sek	834	stig
2. Inga Úlfssdóttir, UBK, hástökk	1,58 m	813	stig
3. Guðrún Sveinsdóttir, UMFA, hástökk	1,58 m	813	stig

## Stigahæstu einstaklingar:

Hreinn Jónasson, UBK, 35 stig og  
Ásta B. Gunnlaugsdóttir UBK, 23 stig.

UMSK sendi lið á Bikarkeppni FRÍ, 2. deild, sem fór fram 21.-22. ágúst á Akureyri. Sex héraðssambönd og félög kepptu: UMSK, UMSE, UÍA, UMSS, HSP og KA.

UMSK hafnaði í 3. sæti og situr því áfram í 2. deild. Prátt fyrir það verður að telja að liðið hafi náð viðunandi árangri þar sem það er ungt.

Greinilega kom í ljós á síðasta landsmóti að kastgreinar eru veikar hjá UMSK. Svo enn nema spjótkast karla og kringlukast kvenna. Ef UMSK ætlar upp í 1. deild verður að ráða á þessu bót.

UMSK burfti að leggja út í talsverðan kostnað vegna þessarar keppni. Því var það, að strax og ljóst var að UMSK myndi ekki ná í 1. deild, að sótt var um að halda bikarkeppnina 1983 og var umsóknin samþykkt.

Lokaorð: Þegar litið er yfir fyrsta starfstímabil frjálsíþróttaráðs UMSK sést að verkefnin voru mörg og að mikil þörf var fyrir ráðið. Skipun þess var framfararspor hjá UMSK og auk margra starfa ráðsins orsakar það nánara samband á milli félaganna. Þá verður einnig að nefna að fastur starfsmaður sambandsins léttir mikið störf ráðsins. Eigi UMSK að virka eðlilega er nauðsynlegt að hafa starfmann.

F.h. Frjálsíþróttaráðs,  
Jón P. Sverrisson.

### Skýrsla Handknattleiksráðs.

Handknattleiksráð UMSK var stofnað s.l. haust. Fyrsti fundur þess var haldinn í október og mættu á hann fulltrúar allra félaga innan UMSK er stunda handknattleik. Þá þegar var ákveðið að halda dómaranámskeið eins fljótt og hægt væri. Það nám-skeið var síðan haldið á Seltjarnarnesi helgina 23.-24. okt. og tókst mjög vel. Einungis var ákveðið þegar á fyrsta fundi að efna til UMSK-móts í handknattleik í öllum flokkum. Nú er lok-ið keppni í 3., 4. og 5. fl. karla og 3. fl. kvenna og eru úrslit sem hér segir:

<u>3.fl.kvenna</u>	<u>3.fl.karla</u>	<u>4.fl.karla</u>	<u>5.fl.karla</u>
1. Gróttta	Stjarnan	Gróttta	Stjarnan
2. UMFA	UMFA	HK	UBK
3. Stjarnan	UBK	UMFA	UMFA
4. UBK	Gróttta	Stjarnan	Gróttta
5. HK	HK	UBK	HK

Keppni í öðrum flokkum er fyrirhuguð á næstu vikum.

Ráðið hefur haldið 5-6 fundi frá því það var stofnað.

Ráðið skipa eftirtaldir:

Davíð Sigurðsson, Aftureldingu  
Þorsteinn Einarsson, HK  
Guðmundur Jónsson, Stjörnunni  
Alexander Þórisson, Breiðablik  
Marinó Njálsson, Gróttu

F.h. Handknattleiksráðs,  
Alexander Þórisson.

### Skýrsla Knattspyrnuráðs.

Á síðasta bingi UMSK var samþykkt að skipa sérráð til að hafa umsjón með knattspyrnumótum á starfsárinu. Á stjórnarfundi hjá UMSK sem haldinn var 29. mars var Knattspyrnuráðið skiptað. Fyrsti fundur þess var svo haldinn 30. mars í Prestshúsinu svokallaða, Digranesvegi 5 í Kópavogi. Á fundinum skipti sérráðið með sér verkum.

Formaður:	Gunnar Guðmundsson	UMFA
Ritari:	Grétar Bergsson	ÍK
Meðstj.:	Pétur Ómar Ágústsson	UBK
Til vara:	Jóhannes Sveinbjörnsson	Stjórnunni
	Sveinn Ottósson	Augnabliki

Síðar á árinu urðu þær breytingar á ráðinu að ákveðið var að hafa fulltrúa frá öllum aðildarfélögum innan UMSK sem stunda knattspyrnu og bættist því Pétur Sigurðsson frá Gróttu í hópin. Sveinn Ottósson sagði sig úr ráðinu og við tók Árni Þórðarson, Augnablik.

Sérráðið var stjórnandi og skipulagsaðili knattspyrnumóta sem haldin voru á vegum UMSK. Framkvæmdin var í höndum hinna ýmsu félaga. Eftirtalin móti voru haldin á árinu:

Innanhússmeistaramót UMSK í knattspyrnu var haldið í ibróttahúsinu Varmá 3. og 4. apríl. 5 félög töku þátt í mótinu og var keppt í 8 flokkum. Keppt var um bikar og verðlaunapeninga í hverjum flokki. Þá fékk stigahæsta félagið veglegan bikar, ÍSFÍ bikarinn, sem er gjöf frá ÍSFÍ til UMSK í tilefni 60 ára afmælis.

Betta er í fyrsta skipti sem kvenfólk tekur þátt í innanhússknattspyrnumóti hjá UMSK og er það virkilega ánægjulegt. UMFA sá um mótið sem heppnaðist vel.

Miðsumarsmót 6.fl. var haldið í Kópavogi 17. júlí. 14 lið voru skráð til leiks og var leikið í þremur flokkum, A, B og C, samtals um 135 krakkar. Úrslit urðu sem hér segir:

<u>A-flokkur:</u>	stig	<u>B-flokkur:</u>	stig	<u>C-flokkur:</u>	stig
1. UBK	8	UBK	8	UBK-1	6
2. ÍK	5	ÍK	6	Stjarnan	4
3. Stjarnan	5	Stjarnan	4	ÍK	2
4. Afturelding	2	Afturelding	2	UBK-2	0
5. Gróttta	1	Gróttta	0		

Leikin var minni-knattspyrna og gaf það góða raun.

Efsti lið í hverjum flokki hlutu að launum bikar og verðlaunapeninga. Allir þátttakendur fengu verðlaunaskjöl, gos og súkkulaði. UBK og ÍK gáfu bikarana en Sanitas gaf gosið.

Mótanefnd UBK sá um mótið og fórst það vel úr hendi.

Haustmót UMSK fór fram í ágúst og september. Mjög góð þátttaka var í mótinu og var leikið í Garðabæ, Mosfellssveit, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Keppt var í 2., 3., 4., 5. og 6. flokki drengja. Í fjórða flokki kepptu A og B lið og 5. og 6. flokki A, B og C lið. Mótið var mjög fjölmennnt en alls voru þátttakendur rúmlega 500. Loka úrslit urðu:

<u>2.flokkur:</u>	<u>3.flokkur:</u>	<u>4.flokkur_A:</u>	<u>4.flokkur_B:</u>		
1. UMFA	Gróttá	Stjarnan	ÍK		
2. Stjarnan	Stjarnan	ÍK	Stjarnan		
3. UBK	UBK	Gróttá	Gróttá		
4. ÍK	ÍK	UMFA			
5. Gróttá	UMFA	UBK			
<u>5.fl.A:</u>	<u>5.fl.B:</u>	<u>5.fl.C:</u>	<u>6.fl.A:</u>	<u>6.fl.B:</u>	<u>6.fl.C:</u>
1. Stjarnan	ÍK	Stjarnan	UBK	UBK	Stjarnan
2. UMFA	UMFA	ÍK	UMFA	Stjarnan	UBK
3. ÍK	Stjarnan	UBK	Stjarnan	ÍK	Gróttá
4. UBK	UBK		ÍK	UMFA	ÍK
5. Gróttá	Gróttá		Gróttá	Gróttá	

Efstu lið í hverjum flokki hlutu verðlaunapeninga og bikar. Allir báttakendur í 5. og 6. flokki hlutu viðurkenningarskjöl fyrir bátttöku. Hér með er komið á framfæri þökkum til Pizza-hússins og Austurbakka h/f en bessi fyrirtæki gáfu bikara sem verðlaun á mótinu.

Í 5. og 6. flokki var keppt í minni knattspyrnu eins og samþykkt var á síðasta ársþingi og gaf það mjög góða raun.

Dagana 9.-11. júlí var haldið dómaranámskeið í Kópavogi á vegum Knattspyrnuráðs. Páttakendur voru 12, frá UBK, Gróttu og Stjörnunni og luku allir prófi með góðum árangri. Leiðbeinandi var Einar Hjartarson.

Næsta verkefni Knattspyrnuráðs verður innanhússmót í öllum flokkum. Keppt verður 13. og 20. feb. í Gróttuhúsinu og 26. og 27. feb. í íþróttahúsi Garðabæjar.

Knattspyrnuráð UMSK þakkar öllum samstarfsmönnum sínum gott samstarf á nýliðnu tímabili. Ráðið vonast eftir að mikið og öflugt knattspyrnustarf verði áfram innan héraðsins.

F.h. Knattspyrnuráðs,  
Gunnar Guðmundsson.

LÖG UMSK

## 1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Garðabær.

## 2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

## 3. gr.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félagini inngöngu.

## 4. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðshing og skal það haldið í febrúar ár hyrt og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögum með héraðshing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukaþings, ef nauðsyn krefur.

## 5. gr.

Héraðshing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðshingi að úrskurða þær.

Héraðshing ákyeður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

## 6. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðshingi, einn fyrir hverja 2 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsbing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðshing er lögmætt, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðshinginu.

## 7. gr.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í vara-stjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heim-ilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönum aðildarfélaga UMSK.

## 8. gr.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðeitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoða reikninga á hverju héraðs-þingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

## 9. gr.

Innan sambandsins starfar héraðsdómtóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður úr dómnum og kýs ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði beir allir kosnir í einu, aðal- og varamenn en jafnan gæta að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa bekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

## 10. gr.

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytingar skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

## 11. gr.

Héraðsþing getur breytt lögum bessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

## 12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög sambandsins.

R E K S T R A R R E I K N I N G U R

Gjöld:

Stjórnunarkostnaður:

Laun og útlagður kostnaður	147.024.75
Póst og símakostnaður	15.887.25
Ritföng, prentun og pappír	22.412.40
Húsaleiga	6.525.00
Flutningur á skrifstofu	2.028.50
Nýtt skrifstofuhúsnaði	14.215.90
Risna	1.001.00
Bensín og bílakostn.	1.020.00
Gjafir	<u>2.557.00</u>
	Kr. 212.671.80

Fréttabréf:

Prentun og pappír	7.563.40
- Auglysingar	<u>3.500.00</u>
Kostnaður vegna 60 ára afmælis	" 15.550.30
Kostnaður v/frjálsra íþróttta	30.101.00
- Þátttökugjöld	<u>2.250.00</u>
Kostnaður v/Héraðsmóts í Karate	" 1.899.00
Skattur til UMFÍ	" 4.842.00
Skattur til ÍSÍ	" 2.421.00
Vaxtagjöld	" <u>7.699.40</u>
Gjöld alls	<u>Kr. 276.997.90</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>Kr. 11.453.15</u>
	<u>Kr. 288.451.05</u>

F Y R I R   A R I Ð   1 9 8 2

Tekjur:

Framlög sveitafélaga	Kr.	79.000.00
Framlag sýslusjóðs	"	40.000.00
Útbreiðslustyrkur íSÍ	"	36.010.00
Kennslustyrkur	"	1.642.00
Skattur aðildarfélaga	"	24.350.00
Frá Getraunum	"	29.389.20
Landshappdrætti ungmennafélaganna	"	3.350.00
Hagnaður af dansleikjum	"	16.311.70
Sala Trimmi miða	"	10.724.00

Við framleiðum íslenskt:

Styrktarlínur	13.300.00		
- prentun plakata	5.480.00		
- auglýs í útvarpi	<u>1.430.00</u>	Kr.	6.390.00
Leiga á samkomutjaldi	"		11.090.00
Leiga á sumarhúsi	2.000.00		
- viðhald	<u>1.590.40</u>	Kr.	409.60

Afmælisrit:

Auglýsingar og styrktarlínur	136.200.00		
- prentunarkostnaður	100.631.00		
- annar kostnaður	<u>11.409.45</u>	Kr.	24.159.55

Ymsar gjafir	"		5.625.00
--------------	---	--	----------

Tekjur alls	Kr.	288.451.05
-------------	-----	------------

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 31. 12. 1982

Eignir:

Sjóður og bankainnistaður	Kr.	5.384.75
<u>Viðskiptakröfur:</u>		
Aðildarfélög	6.139.00	
Auglýsingar	118.000.00	
Styrktarlinur	<u>5.000.00</u>	" 129.139.00
Verðlaun	"	7.856.00
Ógreidd framl. sveitarfélaga	"	4.500.00
<u>Aðrar eignir:</u>		
Sumarhús	"	30.000.00
Samkomutjald	"	6.000.00
Ritvél	"	<u>450.00</u>
Eignir alls	Kr.	<u>183.329.75</u>


Skuldir og Eigið fé:

Skuldir:		
Hlaupareikningur	Kr.	886.58
Ógreidd laun og annar kostnaður	"	16.257.65
Ógreitt v/afmælisrits	"	105.631.00
Aðrar viðskiptaskuldir	"	33.276.30
Innkaupastofnun Ríkisins skuldabréf	"	<u>6.214.00</u>
Skuldir alls	Kr.	<u>162.265.53</u>

Eigið fé:

Höfuðstólli 1/1	15.825.07	
Leiðr. efnahagsreikn. 1/1	- <u>6.214.00</u>	
	9.611.07	
Hagn. skv. rekstrarreikn.	<u>11.453.15</u>	Kr. 21.064.22
		Kr. <u>183.329.75</u>

Hef yfirfarið framanskráðan rekstrarreikning og efnahagsreikning og tel ég þá vera rétta.





# SKINFAXI

*Tímarit Ungmennasambands Íslands*



**6 HEFTI Á ÁRI  
GERIST ÁSKRIFENDUR**

*Afgreiðsla Mjölnisholti 14 — 125 Reykjavík.  
Símar 12546 og 14317.*

# Gagnkvæmt traust er undirstaða góðrar samvinnu

Iþróttafólk veit að góð samvinna er forsenda þess að  
góður árangur náist í hverri grein. Samvinna okkar  
í bankaviðskiptum eykur gagnkvæmt traust  
og tryggir hag beggja. Verið velkomin í  
Samvinnubankann, við þekkjum  
mikilvægi góðrar samvinnu.



**Samvinnubankinn**

OSA